

Greiðsluafkoma ríkissjóðs í janúar 2002¹

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs í janúar 2002. Uppgjörið hér á eftir sýnir sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstreymisýfirlit. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Samkvæmt þessum tölum nam handbært fé frá rekstri rúmum 700 m.kr. til samanburðar við 1,8 milljarða í janúar 2001. Tekjurnar eru 18,6 milljarðar króna og hækka um ríflega 1 milljarð frá fyrra ári, eða um 6%. Innheimta tekna í janúar bendir til þess að ekkert lát sé á samdrætti innlendrar eftirspurnar. Þannig lækka tekjur af virðisaukaskatti umtalsvert milli ára, eða um 16%, og vörugjald af bifreiðum er 32% minna en á sama tíma í fyrra. Tekjuskattar einstaklinga og fjármagnstekjuskattur skila hins vegar umtalsverðum tekjuauka miðað við fyrra ár. Samanlagt aukast skatttekjur um tæplega 6% milli ára sem jafngildir 3% samdrætti að raungildi. Frávik frá áætlun er um 1,2 milljarðar sem einkum má rekja til minni innheimtu veltuskatta. Rétt er að hafa fyrirvara á þessum samanburði þar sem hér er einungis um innheimtu eins mánaðar að ræða.

Greidd gjöld nema 17,9 milljörðum króna og hækka um 2,1 milljarð frá fyrra ári, en það skýrist einkum af hærri framlögum til ýmissa félagsmála. Þannig nam hækkun til skólamála og heilbrigðismála um 1 milljarði og til almannatrygginga um 300 m.kr. Ef útkoman er borin saman við áætlun, þá urðu gjöldin um 1,9 milljarði króna hærri sem skýrist af sömu liðum. Þar sem uppgjörið nær aðeins til eins mánaðar er samanburður við fyrra ár og áætlun háður nokkurri óvissu vegna þess að greiðslur geta færst til milli mánaða.

Lántökur innanlands námu 4,4 milljörðum króna en afborganir voru tæpar 400 m.kr. Þá voru greiddar 750 m.kr. til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafkoma ríkissjóðs var jákvæð um 3,1 milljarð króna, samanborið við 1,8 milljarða í janúar 2001.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs í janúar (Í milljónum króna)

	<u>1998</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
Innheimtar tekjur.....	10.229	13.737	17.398	17.579	18.622
Greidd gjöld.....	11.008	11.225	12.651	15.748	17.874
Handbært fé frá rekstri.....	-779	2.512	4.747	1.831	732
Fjármunahreyfingar.....	960	-1.699	4.239	-1.693	-886
Hreinn lánsfjárfnuður.....	182	813	8.985	138	-154
Afborganir lána.....	-425	-502	-158	-447	-389
Innanlands.....	-425	-188	-158	-447	-389
Erlendis.....	0	-314	0	0	0
Greiðslur til LSR og LH.....	0	0	-500	-1.250	-750
Lánsfjárfnuður, brúttó.....	-244	311	8.828	-1.559	-1.293
Lántökur.....	1.503	-2.063	3.030	3.369	4.400
Innanlands.....	1.503	-2.088	2.984	3.368	4.418
Erlendis.....	0	25	46	-1	-18
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	1.260	-1.752	11.858	1.810	3.107

¹ Nokkrar breytingar verða á birtingu mánaðarlegra talna um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrir árið 2002. Sem fyrr verða birtar helstu afkomu-, tekju- og gjaldastærðir á töfluformi. Í vefriti ráðuneytisins, fjr.is, verður auk þess fjallað sérstaklega um helstu niðurstöður. Nánari upplýsingar um birtingartíma afkomutalna er að finna á vefsíðu ráðuneytisins.

Tekjur ríkissjóðs í janúar
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári, %						
	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
Skatttekjur í heild.....	16.767	16.638	17.627	34,6	27,2	-0,8	5,9
Skattar á tekjur og hagnað...	8.086	8.830	10.642	-3,9	49,0	9,2	20,5
Tekjuskattur einstaklinga.....	4.429	4.575	5.364	14,4	13,7	3,3	17,2
Tekjuskattur lögaðila.....	262	510	119	-35,0	67,9	94,7	-76,7
Skattur á fjármagnstekjur.....	3.395	3.745	5.159	-31,3	146,7	10,3	37,8
Tryggingagjöld.....	1.811	1.805	1.848	12,7	9,4	-0,3	2,4
Eignarskattar.....	538	601	376	-6,9	37,9	11,7	-37,4
Skattar á vöru og þjónustu....	6.312	5.375	4.738	155,1	11,0	-14,8	-11,9
Virðisaukaskattur.....	3.208	3.152	2.651	706,7	6,0	-1,7	-15,9
Aðrir óbeinir skattar.....	3.101	2.224	2.087	43,6	16,4	-28,3	-6,2
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	370	248	169	142,3	-6,3	-33,0	-31,9
Vörugjöld af bensíni.....	569	550	551	-7,4	3,1	-3,3	0,2
Þungaskattur.....	485	259	194	38,6	13,6	-46,6	-25,1
Áfengisgjald og hagn. ÁTVR	738	391	406	44,9	51,5	-47,0	3,8
Annað.....	939	776	767	77,8	17,1	-17,4	-1,2
Aðrir skattar.....	20	27	23	-15,0	17,6	35,0	-14,8
Aðrar tekjur.....	631	940	995	27,2	12,5	49,0	5,9
Tekjur alls.....	17.398	17.579	18.622	34,3	26,7	1,0	5,9

Gjöld ríkissjóðs janúar
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári, %					
	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
Almenn mál.....	1.577	1.458	1.827	38,8	-7,5	25,3
Almenn opinber mál.....	1.019	965	1.264	-	-5,3	31,0
Löggæsla og öryggismál.....	558	494	563	-	-11,5	14,0
Félagsmál.....	7.099	8.608	10.295	3,3	21,3	19,6
Þar af: Fræðslu- og menningarmál..	1.631	2.404	2.870	-	47,7	19,4
Heilbrigðismál.....	2.986	3.315	4.006	-	11,0	20,8
Almannatryggingamál.....	2.161	2.513	2.806	-	16,3	11,7
Atvinnumál.....	1.838	2.879	2.694	8,4	56,6	-6,4
Þar af: Landbúnaðarmál.....	761	1.410	991	-	85,3	-29,7
Samgöngumál.....	694	735	1.028	-	5,9	39,9
Vaxtagjöld.....	1.391	1.755	1.849	81,1	26,2	5,3
Önnur útgjöld.....	746	1.047	1.209	-1,2	40,3	15,5
Gjöld alls.....	12.651	15.748	17.874	12,7	24,5	13,5